

Stjórnarháttayfirlýsing

Varðar líftrygginga hf. fyrir árið 2017

Góðir stjórnarhættir stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, s.s. starfsmanna félagsins og almennings. Góðir stjórnarhættir leggja ennfremur grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa varanleg verðmæti fyrir félagið og eiganda þess.

Vörður líftryggingar hf. („Vörður líf“) er dótturfélag Varðar trygginga hf. („Varðar“). Vörður líf er starfrækt af Verði á grundvelli þjónustusamnings þess efnis að Vörður leggur Verði líftryggingum til aðstöðu og þjónustu til að viðhalda eðlilegum og skilvirkum rekstri og nær þjónusta Varðar til allra þátta í rekstri Varðar líf, þ.á.m. lykilstarfssviða skv. Solvency II og innra eftirlits. Þannig eru engir eiginlegir starfsmenn hjá Verði líf heldur leysa starfsmenn Varðar öll þau daglegu verkefni sem tilheyra rekstri Varðar líf. Stjórnarháttayfirlýsingu þessa og stjórnkerfi félagsins skal skoða í því ljósi og vísast til stjórnarháttayfirlýsingar Varðar trygginga hf. eftir því sem við á.

Lagarammi um starfsemina og fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Verði líf ber, skv. 9. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 (vstl.) að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Félagið tekur mið af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, en vikur þó frá hluta þeirra sbr. það sem fram kemur hér að neðan. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu 2015, má finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is eða á www.leidbeiningar.is. Lög um váttryggingastarfsemi og lög um hlutafélög nr. 2/1995 (hfl.), innihalda einnig sérreglur um stjórnarhætti, starfshætti og stjórnskipulag sem ganga í einhverjum tilfellum lengra en leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórnarháttayfirlýsing þessi er sett þannig fram að fyrst er fjallað almennt um félagið, stjórn þess og skipulag, síðan eru stjórnarhættir félagsins yfirfarnir og frávik frá leiðbeiningum tilgreind, þegar við á, eins og lög gera ráð fyrir. Grundvöllur góðra stjórnarháttanna fyrirtækja er „fylgið eða skýrið“ reglan (e. comply or explain) sem leggur þær skyldur á herðar stjórnnum sem fylgja leiðbeiningunum að þær útskýri og geri skilmerkilega grein fyrir öllum frávikum frá leiðbeiningunum í stjórnarháttayfirlýsingu.

Vörður líf er hlutafélag og um starfsemi félagsins gilda m.a. vstl. og hfl. Félagið er váttryggingafélag og er því eftirlitsskyldur aðili sem lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins („FME“), sbr. lög nr. 87/1998. Lög og reglur sem varða starfsemi váttryggingafélaga má nálgast m.a. á vef Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, og á vef Alþingis, www.althingi.is. Vörður er stærsti eigandi Varðar líf og fer með 99,95% hlut. Arion banki hf. fer með 0,05% eignarhlut í Verði líf.

Á árinu 2017 voru sameinuð dótturfélag Arion banka hf., Okkar líftryggingar hf., og Vörður líftryggingar hf. Samruni þeirra miðast við 1. janúar 2017 en sameiningin gekk endanlega í gegn í mars 2017 með flutningi starfsfólks Okkar líftrygginga til Varðar. Nýtt skipurit var birt í kjölfarið og má finna upplýsingar um það í stjórnarháttayfirlýsingu Varðar.

Samsetning stjórnar og undirnefndir

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum Varðar líf í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Aðalfundur félagsins var haldinn 17. mars 2017 og var ný stjórn kjörin. Stjórn Varðar líf samanstendur af þremur stjórnarmönnum og tveimur varamönnum, í samræmi við samþykktir félagsins. Ekki er til staðar tilnefningarnefnd hjá Verði líf, en hlutverk slíkrar nefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu og gæta jafnframt að hagsmunum allra hluthafa. Hér er því um frávík frá leiðbeiningunum að ræða en ekki hefur þótt ástæða til skipanar slíkrar nefndar þar sem eignarhald félagsins er einfalt, einungis einn hluthafi og því ekki um það að ræða að gæta þurfi hagsmuna margra.

Stjórnarformaður félagsins ber ábyrgð á að boðað sé til stjórnarfunda auk þess sem hann ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa og gerir stjórn, eftir atvikum, grein fyrir þeim samskiptum á stjórnarfundum. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna, en hlutverk hennar er jafnframt ítarlega skilgreint í gildandi starfsreglum stjórnar. Starfsreglur stjórnar voru endurskoðaðar á árinu og uppfærðar og í framhaldinu samþykktar á fundi stjórnar í ágúst sl. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vef félagsins, www.vordur.is. Stjórnarformaður stýrir stjórnarfundum og stjórnarfundargerðir eru haldnar um það sem gerist á stjórnarfundum og eru bókaðar allar ákvarðanir sem teknar eru. Stjórn var ákvörðunarbær í öllum tilvikum. Stjórn hélt alls 11 stjórnarfundum á árinu 2017 en samkvæmt starfsreglum skulu fundir haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði. Stjórn félagsins er skipuð aðilum með fjölbreytta reynslu og bakgrunn sem gerir henni kleift að fást við og sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum.

Samkvæmt starfsreglum skal stjórn árlega framkvæma árangursmat þar sem störf stjórnar eru metin og samsetning, verklag og starfshættir eru rýndir. Tilgangur slíks árangursmats er að hjálpa stjórnarformanni og stjórn að meta skilvirkni starfa sinna ásamt því að vinna að framþróun og umbótum í störfum stjórnarinnar. Árangursmati er þannig ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar. Árangursmat stjórnar vegna starfsársins 2017–2018 var framkvæmt í lok árs 2017, og hefur þegar verið fjallað um niðurstöður þess, og aðgerðir fyrir árið 2018 hafa verið listaðar upp. Stjórn framkvæmdi að auki á árinu 2017, sérstakt sjálfs- og þekkingarmat að beiðni FME, þar sem lagt var mat á heildarþekkingu og samsetningu stjórnarinnar.

Stjórn Varðar líf var skipuð eftirfarandi aðilum á árinu 2017: Helgi Bjarnason, stjórnarformaður, kjörinn á aðalfundi 17. mars 2017, sagði sig úr stjórn félagsins í maí 2017. Þórdís Bjarnadóttir, varaformaður, kjörin á aðalfundi í mars 2017, tók tímabundið við formennsku stjórnar eftir brotthvarf Helga þar til nýr stjórnarmaður var kjörinn á hluthafafundi í ágúst 2017. Aðrir stjórnarmenn: Ingibjörg Arnarsdóttir. Varamenn voru kjörnir á aðalfundi félagsins: Aðalheiður Guðgeirsdóttir og Óskar Hafnfjörð Auðunsson. Óskar tók sæti í aðalstjórn við brotthvarf Helga, með vísan til 2. mgr. 64. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, fram til stjórnarkjörs í ágúst. Ingibjörg Arnarsdóttir sagði sig úr stjórn félagsins í ágúst sl. Á hluthafafundi 24. ágúst 2017 var Benedikt Olgeirsson kjörinn í aðalstjórn Varðar líf. Óskar Hafnfjörð var jafnframt kjörinn áfram í aðalstjórn á þeim fundi og nýr varamaður, Guðmundur Bjarni Harðarson, var kjörinn frá þeim tíma. Stjórnina skipa því tveir karlar og ein kona. Ný stjórn kaus á fundi sínum í ágúst Benedikt Olgeirsson sem formann stjórnar félagsins og varaformaður var áfram kjörinn Þórdís Bjarnadóttir. Þórdís sagði sig úr stjórn félagsins í janúar 2018 vegna breytinga á starfsvettvangi og mögulegra hagsmunaárekstra vegna þess.

Benedikt Olgeirsson, fæddur árið 1961. Benedikt var fyrst kjörinn í stjórn félagsins á aðalfundi þess í mars 2017 og gegnir stjórnarformennsku í Verði og Verði líftryggingum hf. frá ágúst sl. Hann er ekki hluthafi í Verði og er óháður stjórnarmaður. Benedikt situr í starfskjaranefnd Varðar og gegnir þar formennsku frá því í september. Benedikt lauk meistaraþrófi í framkvæmdaverkfræði og verkefnastjórnun hjá University of Washington í Seattle árið 1987. Benedikt lauk prófi í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1986. Benedikt starfar sem framkvæmdastjóri þróunar hjá Landspítalanum. Benedikt hefur m.a. starfað sem aðstoðarforstjóri Landspítalans, framkvæmdastjóri hjá Atorku hf. og framkvæmdastjóri Parlogis ehf. Hann hefur jafnframt starfað sem stjórnandi hjá Eimskip auk þess að hafa setið í stjórnnum ýmissa félaga s.s. Arion banka hf., Promens hf., Icepharma hf., Parlogis ehf. og InterBulk Group sem var skráð í Kauphöllinni í London.

Óskar Hafnfjörð Auðunsson, fæddur 4. október 1982. Óskar tók sæti í varastjórn Varðar líftrygginga hf. á hluthafafundi í október 2016 þegar eigendaskipti urðu á félaginu og var endurkjörinn í varastjórn á aðalfundi í mars 2017. Hann tók svo sæti í aðalstjórn félagsins í kjölfar brotthvarfs Helga Bjarnasonar og var kjörinn í aðalstjórn á hluthafafundi félagsins í ágúst sl. Óskar hefur ekki unnið fyrir félagið önnur verkefni og hefur engin annars konar tengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila né aðra stóra hluthafa, en telst vera háður stjórnarmaður í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Hann situr jafnframt í endurskoðunarnefnd Varðar og Varðar líf frá því í september. Óskar er með B.Sc. próf í stærðfræði frá Háskóla Íslands síðan 2004. Hann hefur verið fjármálastjóri Trefja ehf. frá því í september 2016 en starfaði áður m.a. sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka og einnig á viðskiptabankasviði Landsbankans. Óskar sat í svarastjórn Okkar líftrygginga hf. og í stjórn Tekjuverndar ehf., þar sem hann gegndi stjórnarformennsku, ennfremur situr hann í stjórn Auðkennis.

Þórdís Bjarnadóttir, fædd 14. maí 1982. Var kjörin í stjórn Varðar líftrygginga hf. á hluthafafundi í október 2016 í kjölfar eigendaskipta. Sat jafnframt í starfskjaranefnd félagsins frá júní 2017. Þórdís hefur unnið ráðgjafarstörf fyrir Arion banka sem lögmaður hjá ADVEL lögmonnum slf., engin önnur bein tengsl eru þó við Arion banka hf. né hefur hún unnið beint fyrir þann hluthafa. Þórdís hefur ekki unnið fyrir félagið önnur verkefni en þau sem að framan eru talin. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila né aðra stóra hluthafa og er hún því óháður stjórnarmaður. Þórdís er með meistaraþróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík frá árinu 2005 og héraðsdómslögmannsréttindi frá árinu 2007. Hún hefur að auki lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Þórdís vann lengst af sem löglærður fulltrúi hjá Advel lögmonnum og þar áður hjá Viðskiptaráði Íslands, en starfar nú sem liðsstjóri á skatta- og lögfræðisviði Deloitte frá janúar 2018.

Helgi Bjarnason, fæddur 22. janúar 1969. Helgi var fyrst kjörinn í stjórn félagsins á hluthafafundi í september 2016 þegar eigendaskipti urðu og var formaður stjórnar frá þeim tíma þar til hann sagði sig úr stjórn félagsins í maí 2017. Helgi var starfsmaður Arion banka, meirihluta eiganda félagsins, og hann var háður stjórnarmaður. Helgi er með BS-gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands og mastersgráðu í tryggingastærðfræði frá Háskólanum í Kaupmannahöfn. Hann starfar nú sem forstjóri Vátryggingafélags Íslands, áður sem framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka frá 2011 og sem aðstoðarframkvæmdastjóri Sjóvá-Almennra trygginga. Helgi hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga s.s. í stjórn Okkar líftrygginga hf. og gegndi þar formennsku, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fjármálafyrirtækja og Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Ingibjörg Arnarsdóttir, fædd 13. febrúar 1971. Var kjörin í stjórn Varðar líftrygginga hf. á hluthafafundi í október 2016 í kjölfar eigendaskipta og endurkjörin á aðalfundi félagsins í mars 2017. Hún sat jafnframt í endurskoðunarnefnd Varðar og Varðar líf frá nóvember 2016 fram til ágúst 2017, þegar hún sagði sig úr stjórn félagsins. Ingibjörg hefur ekki unnið fyrir félagið önnur verkefni og hefur engin önnur hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila né aðra stóra hluthafa og var óháður stjórnarmaður. Ingibjörg er með Cand. Oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og meistaraþróf í fjármálum frá Cass Business School í London frá árinu 2000. Hún er í dag framkvæmdastjóri fjármála- og verkefnastjórnar hjá Reiknistofu bankanna en starfaði áður m.a. hjá Valitor, sem framkvæmdastjóri áhættustýringar, fjármála- stjórnunar- og mannauðssviðs; sem lánastjóri hjá Glitni; framkvæmdastjóri heildverslunar Karls K. Karlssonar; og ráðgjafi í upplýsingatæknikerfum fjármála hjá DIT í London. Ingibjörg hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga s.s í stjórn Okkar líftrygginga hf., hún situr enn fremur í stjórn félags áhugamanna um upplýsingatæknikerfi og gegnir þar formennsku.

Upplýsingar um óhæði stjórnarmanna eru gerðar aðgengilegar hluthöfum fyrir hluthafafund, áður en stjórnarkjör fer fram. Lögum og reglum sem gilda um mat á óhæði stjórnarmanna er fylgt í hvívetna.

Ný stjórn sem kjörin var á aðalfundi, skipaði í samræmi við starfsreglur sínar, í endurskoðunarnefnd á fundi sínum 17. mars 2017. Endurskoðunarnefnd er sameiginleg fyrir samstæðuna. Vörður á einn fulltrúa í endurskoðunarnefnd og Vörður líftryggingar á einn fulltrúa, en þriðji aðili nefndarinnar er utanaðkomandi og skal stjórn Varðar trygginga tilnefna þann nefndarmann, sbr. ákvæði 13.2 í starfsreglum stjórnar. Í endurskoðunarnefnd sitja: Ásta Guðjónsdóttir fyrir hönd Varðar trygginga hf., Óskar Hafnfjörð Auðunsson fyrir Vörð líf og Laufey Gunnarsdóttir. Nefndarmenn uppfylla hæfisskilyrði laga nr. 3/2016, sbr. 108. gr. a. Hlutverk nefndarinnar og helstu verkefni eru skilgreind í gildandi starfsreglum nefndarinnar sem endurskoðaðar voru á liðnu ári og samþykktar á fundi nefndarinnar í október, reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Endurskoðunarnefnd hélt 10 fundi á starfsárinu 2017–2018, það er frá aðalfundi, og hefur nefndin skilað stjórn skýrslu vegna starfsársins.

Starfskjaranefnd var enn fremur skipuð á árinu. Starfskjaranefnd er sameiginleg fyrir samstæðuna og skal skipuð þremur mönnum sbr. starfsreglur stjórnar. Upphaflega sátu í henni Ásta Guðjónsdóttir, þá formaður stjórnar Varðar, Þórdís Bjarnadóttir, þá formaður stjórnar Varðar líf og Íris Björk Hreinsdóttir, þá stjórnarmaður Varðar. Ný stjórn skipaði þá aftur í starfskjaranefnd og frá ágúst 2017 sitja í nefndinni, Benedikt Olgeirsson, sem gegnir formennsku, Ásgerður H. Sveinsdóttir, stjórnarmaður Varðar og Þórdís Bjarnadóttir stjórnarmaður Varðar líf. Stjórn hefur sett starfsreglur fyrir starfskjaranefnd sem staðfestar voru af stjórn á fundi í desember sl. og eru þar tilgreind öll helstu verkefni starfskjaranefndar. Starfskjaranefnd fundaði tvisvar á árinu 2017 en samkvæmt starfsreglum skal nefndin funda a.m.k. tvisvar á ári. Starfskjarastefna er í gildi og eru hún yfirfarin árlega og samþykkt á aðalfundi. Hvorki hafa starfsreglur starfskjaranefndar né starfskjarastefna félagsins verið birt á heimasíðu og er því um frávík frá leiðbeiningunum að ræða.

Undirnefndir upplýsa stjórn reglulega um störf sín og verkefni, m.a. munnlega á stjórnarfundum og stjórn hefur einnig aðgang að fundargerðum. Endurskoðunarnefnd skilar árlega skýrslu til stjórnar um helstu verkefni á starfsárinu. Samskipti við hluthafa fara eingöngu fram á hluthafafundum. Aðalfundur kýs sér stjórn sem fer með málefni félagsins á milli hluthafafunda. Samkvæmt starfsreglum stjórnar er það formaður stjórnar sem ber ábyrgð á samskiptum við starfsmenn félagsins á milli stjórnarfunda og jafnframt ber hann ábyrgð á samskiptum við hluthafa.

Framkvæmdastjóri og aðrir stjórnendur

Forstjóri er ráðinn af stjórn félagsins og ber hann ábyrgð á daglegum rekstri gagnvart stjórn og hluthöfum. Honum ber að sjá til þess að rekstur félagsins sé í öllum atriðum samkvæmt lögum og reglum, samþykktum félagsins og ákvörðunum stjórnar. Forstjóri félagsins er Guðmundur Jóhann Jónsson, fæddur 4. nóvember 1959, til heimilis í Kópavogi. Guðmundur Jóhann lauk viðskiptafræði frá Seattle University árið 1985 og MBA námi frá Edinborgarháskóla árið 2000. Guðmundur hefur verið forstjóri Varðar líf frá stofnun þess árið 2009. Guðmundur á engan eignarhlut í félaginu, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Engir kaupréttarsamningar eru við félagið. Guðmundur er stjórnarmaður í Origo hf. og situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Guðmundur hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa í félaginu.

Guðmundur er eini starfsmaður Varðar líf. Allri annari starfsemi er úthýst til móðurfélagsins Varðar. Um framkvæmdastjórn félagsins og aðra lykilstarfsmenn vísast til stjórnarháttayfirlýsingar Varðar sem birt er sem hluti af ársskýrslu þess félags og á heimasíðu félagsins www.vordur.is.

Innra eftirlit og áhættustýring

Innra eftirlit er ferli sem mótast af stjórn, forstjóra og stjórnendum félagsins sem og öðrum starfsmönnum þess. Stjórn setti á árinu 2017 stefnu um innra eftirlit og er innra eftirlitskerfi félagsins byggt upp á þeim grunni. Tilgangur þess er að veita hæfilega vissu fyrir því að fyrirtækið nái markmiðum sínum. Innra eftirlitskerfið byggist upp á þremur varnarlinum þar sem stjórnendur og starfsmenn allir eru í fyrstu varnarlínu, lykilstarfsvið áhættustýringar, regluvörslu og tryggingastærðfræðings í annarri varnarlínu og í þriðju varnarlínu er innri endurskoðun.

Vörður líf hefur gert þjónustusamning við móðurfélag sitt Vörð, þess efnis að Vörður leggur Verði líf til aðstöðu og þjónustu til að viðhalda eðlilegum og skilvirkum rekstri og nær þjónusta Varðar til allra þátta í rekstri Varðar líf m.a. áhættustýringar og innra eftirlits. Frekari upplýsingar um áhættustýringu og innra eftirlit Varðar líf má finna í stjórnarháttayfirlýsingu Varðar sem fylgir ársreikningi Varðar fyrir árið 2017.

Innri endurskoðun er nú úthýst til innri endurskoðunar Arion banka hf., eins og að framan greinir. Ytri endurskoðun félagsins er í höndum Deloitte samkvæmt ákvörðun aðalfundar í mars 2017, en meginreglan er sú að ytri endurskoðandi skal kosinn til fimm ára samfellt, sbr. 70. gr. laga nr. 100/2016.

Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðferðisvitund

Vörður hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð og að auki eru ófjárhagslegar upplýsingar um samfélagslega ábyrgð félagsins birtar sem hluti af árskýrslu í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Stefnan miðar að því að starfa til hagsbóta fyrir viðskiptavini fyrirtækisins, starfsmenn, eigendur og samfélagið í heild sinni og skapa þannig sameiginlegt virði. Vörður einsetur sér í allri starfsemi sinni að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þróun og umhverfið sem fyrirtækið starfar í. Rækt við mannauðinn, ábyrg tryggingastarfsemi, virk umhverfisstefna, ábyrgir stjórnunarhættir, framlög og styrkir til góðgerðar- og félagssamtaka, rekstur og þjónusta byggð á siðrænum gildum, fræðsla, gegnsæi og virk upplýsingagjöf eru meðal kjarnaþátta í samfélagsstefnu Varðar. Stefnu Varðar um samfélagslega ábyrgð má finna á vefsíðu félagsins, www.vordur.is. Vörður fékk fyrst íslenskra fjármála-fyrirtækja jafnlaunavottun og hefur verið með slíka vottun frá árinu 2016, en slík vottun er hluti af samfélagslegri ábyrgð Varðar. Í allri starfsemi félagsins er lögð áhersla á mikilvægi þess að hagsmunir viðskiptavina, eigenda, starfsmanna og þjóðfélagsins í heild séu hafðir að leiðarljósi.

Vörður er ennfremur með siðareglur fyrir starfsmenn sína. Tilgangur þeirra er að vinna að samfélagslegri ábyrgð, stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust viðskiptavina og almennings á Verði. Reglunum er ætlað að brýna fyrir starfsfólki Varðar að forðast hverskyns hagsmunaárekstra og vafasama viðskiptahætti er rýrt geti ásýnd félagsins og þeirra sjálfra. Reglurnar má finna á heimasíðu félagsins www.vordur.is

Brot á lögum eða reglum, dómar og/eða stjórnvaldsákvarðanir

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi. Engar ákvarðanir eftirlits- og/eða úrskurðaraðila, um brot á lögum eða reglum, hafa á árinu 2017 varðað starfsemi félagsins.

Að lokum er rétt að geta þess að félagið vikur að hluta frá leiðbeiningunum varðandi opinbera upplýsingagjöf og hefur þannig hingað til ekki birt á heimasíðu sinni upplýsingar um hluthafafundi, þ.m.t. tímasetningar og upplýsingar um framboð til stjórnar. Ekki hefur verið talin sérstök þörf á slíkri upplýsingagjöf enda einungis um að ræða einn eiganda. Í ljósi þessa hefur fyrirkomulagið verið með þeim hætti að upplýsingar eru sendar hluthöfum innan tilskilinna tímamarka og samtímis gerðar aðgengilegar á skrifstofu félagsins eins og lög gera ráð fyrir. Áður hefur verið gerð grein fyrir því að ekki er starfandi tilnefningarnefnd og er vísað til þeirrar umfjöllunar varðandi þann þátt, um birtingu starfsreglna og fyrirkomulag skipunar í þá nefnd. Fleiri upplýsingar tengdar tilnefningarnefnd sem æskilegt er að birta opinberlega eiga því ekki við um Vörð. Aðrar upplýsingar, sem leiðbeiningarnar kveða á um að teljist mikilvægar upplýsingar, eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins www.vordur.is.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt af stjórn Varðar líf á fundi hennar 15. febrúar 2018.